

Ed. **13. Frumvarp til laga** [13. mál]
um vélstjóranám. (Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI
Grundvallaratriði.

1. gr.

Vélstjóranámskeið skulu vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda:

1. stig. Námskeið á vegum Vélskólans í Reykjavík, námstími 5 mánuðir.
2. stig. I. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
3. stig. II. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
4. stig. III. bekkur vélskólans, námstími 7 mánuðir.

2. gr.

Til þess að ljúka 2., 3. eða 4. stigi vélstjóranáms þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum þess, sbr. þó 5. tl. b og c 8. gr. og 9. gr.

3. gr.

Sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, á rétt á atvinnuheitinu vélstjóri. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri reglum hafa lokið prófi frá vélskólanum eða hinu minna eða meira mótórfræðinámskeiði Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI

Vélstjóranámskeið.

4. gr.

Vélskólinn í Reykjavík skal árlega halda fimm mánaða námskeið fyrir vélstjóraefni, eitt í Reykjavík og eitt eða fleiri eftir þörfum úti á landi, til að búa menn undir að ljúka 1. stigi vélstjóranáms.

5. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru:

- a. Að umsækjandi hafi náð 17 ára aldri.
- b. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til talmunar við starf hans.
- c. Að umsækjandi kunni sund.

6. gr.

Kennslugreinar á námskeiðinu skulu vera: íslenska, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og tilsögn í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, miðunarstöðva og fiskileitartækja.

Að námskeiðinu loknu skulu haldin próf. Þeir, sem standast prófin, hafa þar með lokið 1. stigi vélstjóranáms.

III. KAFLI

Vélskólinn í Reykjavík.

7. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir að ljúka vélstjóraþrófi 2., 3. og 4. stigs. Auk þess hefur skólinn með höndum námskeið vegna vélstjóranáms 1. stigs, sbr. II. kafla. Skólinn starfar í þrem bekkjum.

8. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri.
2. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til talmunar við starf hans.
4. Að umsækjandi kunni sund.
5. Að umsækjandi hafi eitt af þrennu:
 - a. lokið vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. staðigt próf að loknu námskeiði fyrir vélstjóraefni, sbr. 4. gr.;
 - b. öðlast a. m. k. tveggja ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðigt sérstakt inntökupróf við skólann;
 - c. lokið eins vetrar námi í forskóla iðnnáms í járnsmíðagreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðigt sérstakt inntökupróf við skólann.

Heimilt er vélskólanum að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi samkv. 5. tl. b og c. Ef umsækjendur um skólavist verða fleiri en hægt er að veita viðtöku eða aðrar sérstakar ástæður verða fyrir hendi, er skólanum heimilt að láta alla umsækjendurna ganga undir inntökupróf.

9. gr.

Þeim, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands eftir eldri reglum, skal heimilt að setjast í I. bekk vélskólans, enda fullnægi þeir skilyrðum 1.—4. tl. 8. gr. Þó má vika frá skilyrði 2. tl. 8. gr., ef umsækjandi hefur aflað sér nægrar almennrar menntunar að dómi vélskólans. Með tilsvarendi skilmálum skal þeim, sem lokið hafa hinu meira námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands eftir eldri reglum, heimilt að setjast í II. bekk vélskólans.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskólans í Reykjavík. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjóran. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, Mótórvélstjórafélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þannig að hver þessara aðila tilnefni einn mann. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslu-tilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum nefndarinnar.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

11. gr.

Kennslugreinar í vélskólanum skulu vera sem hér segir, sbr. þó 20. gr.:

- I. bekkur: íslenska, danska, enska, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, kælitækni, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, hjúkrunarfræði og kennsla í meðferð og umhírðu talstöðva, dýptarmæla, miðunarstöðva og fiskileitartækja.
- II. bekkur: íslenska, danska, enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, burðarþolsfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, kælitækni og bókfærsla.
- III. bekkur: enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, efnafræði, vélteikning, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og vatnsvélafræði.

12. gr.

Þeir, sem staðigt hafa próf úr I. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 2. stigi vélstjóranáms og eiga rétt á að setjast í II. bekk skólans. Heimilt er að krefjast þess, að nemandi hljóti tiltekna framhaldseinkunn við próf úr I. bekk til þess að hann fái að setjast í II. bekk skólans.

13. gr.

Þeir, sem staðigt hafa próf úr II. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 3. stigi vélstjóranáms. Þeir eiga rétt á að setjast í III. bekk skólans, er þeir hafa starfað við gæzlu dieselvélar, 400 hestafla eða stærri, í a. m. k. sex mánuði. Heimilt er að krefjast þess, að nemandi hljóti tiltekna framhaldseinkunn við próf úr II. bekk vélskólans til þess að hann fái að setjast í III. bekk skólans.

14. gr.

Þeir, sem staðigt hafa próf úr III. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 4. stigi vélstjóranáms. Þetta námsstig verður því aðeins grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda, að nemandinn hafi einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun. Þeim, sem gert hafa námssamning áður en lög þessi öðlast gildi, nægir þó sveinspróf í einhverri annarri grein járníðnaðar.

15. gr.

Hafi nemandi í I. eða II. bekk vélskólans áður lokið sveinsprófi í vélvirkjun, er heimilt að veita honum undanþágu frá smíðanámi í þessum bekkjum.

16. gr.

Vilji nemandi, sem lokið hefur prófi úr I., II. eða III. bekk vélskólans, síðar taka sveinspróf í vélvirkjun, skal hann eiga rétt á styttingu verklegs námstíma í vélvirkjun vegna smíðanáms í vélskólanum og annarrar starfsreynslu. Einnig skal hann eiga rétt á undanþágu að meira eða minna leyti frá námi og prófum í iðnskóla vegna námsins í vélskólanum. Iðnfræðsluráð setur regur um þessi at-riði í samráði við vélskólann. Smíðanámið í vélskólanum skal og skipulagt í samráði við Iðnfræðsluráð.

17. gr.

Auk hinnar almennu I. bekkjar kennslu, sem fram fer á einum vetri í vélskól-
anum, er heimilt, ef nægileg þátttaka fæst, að gefa nemendum kost á því að ljúka
námi í I. bekk á tveim veturnum á kvöldnámskeiðum í vélskólanum.

18. gr.

Kennsla í vélskólanum skal að jafnaði hefjast 15. september ár hvert.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

19. gr.

Kostnaður við vélstjórakennslu samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um vélstjóranám, þar sem kveðið
skal á um prófreglur, prófnefndir og einkunnastiga og ítarlegri reglur settar um
kennslutilhögun alla, námskeið, skólahald og námsefni. Heimilt er með reglugerðar-
ákvæði að flytja námsgreinar milli bekkja, að taka upp nýjar námsgreinar og lengja
námstímann.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur próf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjóranáms, á rétt á
prófskirteini, er gefið skal út bæði á íslensku og ensku, eftir fyrirmynd, sem
menntamálaráðuneytið setur. Á skirteininu skal getið þeirra námsgreina, sem nem-
andinn hefur verið prófaður í, og þeirra einkunna, sem hann hefur hlotið.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. september 1965. Frá sama tíma eru úr gildi numin
lög nr. 71 frá 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, svo og önnur lagaákvæði, er
fara í bága við lög þessi.

Þeir, sem hefja nám í I. bekk vélskólans haustið 1965, skulu lúta ákvæðum
laga þessara, en þeir, sem tekið hafa próf úr I. eða II. bekk skólans vorið 1965,
skulu ljúka skólanáminu eftir eldri reglum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. febrúar 1964 skipaði menntamálaráðuneytið fimm manna nefnd til
athugunar á menntunarkröfum og atvinnuréttindum vélstjóra. Í nefndinni eiga sæti:
Jón Þorsteinsson, alþm., formaður, Gunnar Bjarnason, skólastjóri, tilnefndur af
Vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Vélstjóra-
félagi Íslands, Jón S. Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Mótorvélstjórafélagi Íslands

og Magnús J. Magnússon, forstöðumaður mótornámskeiðanna, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands. Skömmu eftir að nefndin hóf starf sitt tók varamaður Jóns S. Péturssonar, Halldór Guðbjartsson, vélstjóri, sæti í nefndinni í stað Jóns og hefur starfað með henni síðan. Enn fremur starfaði Örn Steinsson, vélstjóri, um hríð með nefndinni meðan Guðmundur Pétursson dvaldi erlendis.

Nefndin hefur samið þetta frumvarp til laga um vélstjóranám, og er því ætlað að leysa af hólmi lög um kennslu í vélfræði nr. 71 frá 23. júní 1936, sem nú hafa staðið óbreytt í 28 ár. Lögin frá 1936 eru fyrir löngu orðin úrelt og löng reynsla hefur sýnt ýmsa annmarka á því menntunarkerfi, sem þar er grundvallað. Stórfelld tæknipróun með ört vaxandi vélakosti til lands og sjávar kallar á æ fleiri vel menntaða vélstjórnarmenn. En því miður hefur það sýnt sig, að mikill vélstjóraskortur er í landinu og fjarri því að þörf atvinnuveganna fyrir þessa stétt manna sé fullnægt. Hefur ástandið í þessum efnum farið versnandi ár frá ári og leitt til þess, að fjöldi manna með mjög takmarkaða þekkingu á þessu sviði hefur með undanþágum verið veittur réttur til vélstjórnar á fiskiskipa- og kaupskipaflotanum. Mun nú svo komið, að a. m. k. helmingur þeirra manna, sem starfa að vélstjórn á skipaflotanum, hefur eigi lögmæt atvinnuréttindi. Er óþarft að lýsa því, hversu varhugavert það er að þurfa að trúa mönnum með ónóga þekkingu fyrir umsjón og stjórn véla, sem hver fyrir sig geta kostað margar milljónir króna, þar sem stórfelldir fjárhagslegir hagsmunir og jafnvel mannlíf geta verið að veði, ef út af þer. Megintilgangur þessa frumvarps er því sá, að skapa grundvöll fyrir hagsfelldari vélstjórnarmenntun og gera mönnum auðveldara en áður að afla sér hennar með það fyrir augum að fjölga svo vélstjórastéttinni á næstu árum, að hún komist yfir að leysa þau verkefni, sem að kalla og sí og æ fara vaxandi. Þessum tilgangi frumvarpsins er fyrirhugað að ná aðallega með þrennum hætti:

1. Með því að láta eina stofnun, Vélskólann í Reykjavík, annast alla vélstjóranámskennslu í landinu, hvort sem kennslan fer fram í Reykjavík eða úti á landi.
2. Með því að skipta vélstjóranáminu niður í fjögur skýrt aðgreind námsstig, þ. e. eitt námskeið og hina þrjú bekkir vélskólans, en hvert námsstig fyrir sig veiti sérstök atvinnuréttindi, sem fari hækkandi eftir því sem námsstigið verður hærra.
3. Með því að rýmka mjög inntökuskilyrðin í vélskólann og slíta að verulegu leyti tengslin milli járnsmíðanáms og vélstjóranáms.

Kennsla í vélfræði hefur fram til þessa verið með tvennu móti. Annars vegar hið minna og hið meira mótfræðinámskeið Fiskifélags Íslands og hins vegar Vélskólinn í Reykjavík. Engin tengsl hafa verið milli þessara tveggja kennslustofnana. Próf frá námskeiðum Fiskifélagsins hafa ekki veitt nein réttindi til inngöngu í vélskólann og hefur það m. a. leitt til þess á öðru leitinu, að færri nemendur sækja þessi námskeið en ella og á hinu leitinu, að þeir sem ljúka námskeiðunum báðum, hafa ekki átt kost á framhaldsmenntun. Auk þess hefur verið mjög torvelt fyrir þá, sem lokið hafa minna námskeiðinu, að komast inn á meira námskeiðið og naumast önnur leið fær til þess heldur en afla sér í millitíðinni fjögurra ára starfsreynslu sem vélstjóri, en það er fráleit regla. Vélskólinn í Reykjavík á hinn bóginn starfar sem ein heild í þrem bekkjum, því ákvæði laganna frá 1936 um skiptingu hans í minni og meiri vélstjóradeild hafa eigi verið framkvæmd um langt árabíll, en rafmagnsdeildin hefur smátt og smátt glatað eðli sínu sem sérstök deild, þar eð kennsla í rafmagnsfræði fer nú fram í öllum bekkjum skólans. Nemendur í vélskólunum hafa eigi hlotið nein atvinnuréttindi á mótorskipum út á námið fyrir en þeir hafa lokið skólunum að fullu.

Inntökuskilyrði í vélskólann hafa verið starfsemi hans fjötur um fót og haft það í för með sér, að miklu færri nemendur hafa sótt skólann en æskilegt er. Það skilyrði, sem mestu hefur varðað, er, að nemandinn hafi í fjögur ár stundað iðnaðarnám í einhverri grein járníðnaðarins. Þessi regla hefur reynzt mjög óheppileg. Fjögurra ára undirbúningstími er óþarflega langur, ef rétt er á haldið, auk þess

sem undirbúningurinn er naumast á réttu sviði í öðrum greinum járníðnaðarins en vélvirkjun. Þeir, sem hafa hugsað til vélskólanáms, hafa margir horfið frá því ráði vegna kröfunnar um að hafa áður stundað iðnaðarnám í fjögur ár. En jafnvel þótt þeir hafi viljað leggja á sig iðnaðarnám til að komast í vélskólann, hefur þeim verið óhægt um vik, því járnsmíðaverkstæðin hafa verið ófús til að taka slíka nemendur, sem eigi ætla sér að ilendast í iðngreininni.

Með tilvísun til framanritaðs gerir frumvarpið ráð fyrir að rýmka mjög inntökuskilyrðin í vélskólann, sbr. 8. gr. frumvarpsins, þó það hafi óhjákvæmilega í för með sér, að menn komi nokkuð misjafnlega undirbúnir í skólann, en úr því er reynt að bæta með því að taka upp nokkra smíðakennslu í I. og II. bekk vélskólans og áskilja sérstakt inntökupróf í vissum tilfellum. Lágmarksaldur til inngöngu í skólann hefur vegna kröfunnar um iðnaðarnámið raunverulega verið 20 ár, en er með frumvarpinu lækkaður niður í 18 ár. Frumvarpið miðar einnig að því að fella námskerfið saman í eina heild með því að láta Vélskólann í Reykjavík hafa með höndum alla vélstjórakennslu í landinu og láta mótórfræðinámskeið Fiskifélags Íslands hverfa með öllu úr sögunni. Fyrsta námsstigið verður fimm mánaða vélstjóranámskeið, sem halda skal bæði í Reykjavík og úti á landi, og skal vélskólinn annast um það. Þetta námskeið kemur í stað hins minna mótórfræðinámskeiðs Fiskifélagsins, en próf frá því á að veita rétt til inngöngu í I. bekk vélskólans að öðrum skilyrðum fullnægðum. Þó verður unnt að komast inn í I. bekk vélskólans einnig eftir öðrum leiðum, sbr. b- og c-lið 5. tl., 8. gr., en þeir, sem þær leiðir fara, verða að taka sérstakt inntökupróf. Annað, þriðja og fjórða námsstigið verða svo hinir þrír bekkir vélskólans. Má því segja, að I. bekkur vélskólans, auk þess að gegna sínu eldra hlutverki áfram, komi nú einnig í stað hins meira mótórfræðinámskeiðs Fiskifélagsins.

Nefndin var sammála um, að æskilegt væri að öll námsstig vélstjórakennslunar í landinu heyrðu undir eina og sömu stofnun, Vélskólann í Reykjavík, eins og lagt er til í frumvarpinu. Þrátt fyrir það gat nefndin vel fallið á, að 1. námsstigið, þ. e. fimm mánaða vélstjóranámskeiðið samkv. II. kafla frumvarpsins, yrði í höndum Fiskifélags Íslands, með hliðsjón af því, að Fiskifélagið hefur um áratuga skeið haldið uppi mótórfræðinámskeiðum og farið það vel úr hendi og skapað sér aðstöðu bæði í Reykjavík og úti á landi til að gegna þessu hlutverki. Um þetta efni ráðgaðist nefndin við Fiskifélag Íslands. Áleit félagið, að ef það tæki að sér 1. námsstigið, þyrfti það að leggja í verulegan aukinn kostnað hér í Reykjavík vegna væntanlegrar aukinnar aðsóknar að náminu, en taldi á hinn bóginn Vélskólann í Reykjavík vera færar til að taka þessa kennslu að sér í höfuðborginni án þess að þurfa að leggja fé í nýjar byggingar. Að vel athuguðu máli komst Fiskifélagið því að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegast væri, að Vélskólinn í Reykjavík hefði 1. námsstigið að öllu leyti með höndum. Er ekki vafi á því, að sú niðurstaða er hagnafelld með tilliti til nýtingar húsnæðis, kennslukrafta og kennslutækja, en þess utan ætti að fást betra heildarskipulag á náminu með þessu móti. Af þessu mun svo leiða, að vélskólinn verður að yfirtaka þá aðstöðu, sem Fiskifélagið hafði skapað sér úti á landi til að halda vélstjóranámskeið.

Lagt er til í frumvarpinu, að stofnuð verði fimm manna skólanefnd við Vélskólann í Reykjavík, sbr. 10. gr. Fiskifélag Íslands óskaði eftir því að eiga fulltrúa í nefndinni, svo að félagið rofnaði eigi alveg úr tengslum við vélstjórafraeðsluna í landinu, þó mótórfræðinámskeið þessi yrðu lögð niður. Var sjálfsagt að verða við þeirri ósk.

Í frumvarpinu felst sú breyting frá núgildandi reglum, að hvert námsstig verður grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda. Af þessu leiðir, að jafnframt verður að gera breytingu á lögum um atvinnu við siglingar að því er varðar atvinnuréttindi vélstjóra, og er frumvarp um það efni í undirbúningi. Í rauninni væri einnig þörf á því að setja löggjöf um atvinnuréttindi vélstjóra, sem starfa í landi við raforkuver, sildarverksmiðjur, frystihús o. s. frv. Það fyrirkomulag, sem gilt hefur, að

nemendur í vélskólanum hafa í reynd ekki hlotið nein atvinnuréttindi út á námið, nema ljúka öllum bekkjum skólans, er ekki hagkvæmt meðal annars fyrir þá sök, að atvinnulífið hefur þörf fyrir menn með misjafnlega mikla vélstjórnarmenntun. Á hinu leitinu er það alveg nægjanlegt, að minni hluti nemenda í skólanum fari í gegnum öll námsstig og afli sér vélmeistararéttinda.

Vegna inntökuskilyrðanna í vélskólann er það yfirleitt svo, að hver og einn, sem lýkur þaðan námi, er í senn vélstjóri og járníðnaðarmaður. Breytingarnar á inntökuskilyrðunum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, munu leiða af sér, að þarna verður að skilja nokkuð á milli í framtíðinni, enda ekki talin þörf á því að aðrir vélstjórar hafi iðnréttindi en þeir einir, sem ljúka öllum stigum vélstjóranáms og taka að sér störf sem yfirvélstjórar á stærstu skipum flotans. Til þess að öðlast full atvinnuréttindi verða þessir menn að ljúka sveinsprófi í vélvirkjun, sbr. 14. gr. frumvarpsins, en kunnátta í þeirri grein járníðnaðarins kemur vélstjóranum að mestum notum.

Frumvarpið veitir þeim, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands, rétt til að setjast í I. bekk vélskólans, ef öðrum skilyrðum er fullnægt. Á sama hátt fá þeir, sem lokið hafa meira námskeiðsprófinu, að setjast í II. bekk. Að vísu kann eitthvað á það að skorta, að þessir menn hafi nægan undirbúning, en í staðinn kemur, að þeir búa margir yfir mikilli starfsreynslu. Þar sem hér er um stóran hóp manna að ræða, getur þessi ráðstöfun orðið til þess að auka mjög aðsókn að vélskólanum á næstu árum.

Áður en nefndin gekk endanlega frá frumvarpinu var það sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Iðnfræðsluráði, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands, Mótörvélstjórafélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Fékk frumvarpið góðar undirtektir hjá öllum þessum aðilum, en þó komu fram nokkrar athugasemdir og ábendingar, sem flestar hafa verið teknar til greina við endanlega gerð frumvarpsins.

Undirstöðuatriði frumvarpsins hafa verið rakin hér að framan og grein gerð fyrir þeim ástæðum, er að baki liggja. Að öðru leyti nægir að vísa til frumvarpsins sjálfs og eftirfarandi skýringa við einstakar greinar þess.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Í greininni er sett fram sú undirstöðuregla, að vélstjóranámið skuli vera í fjórum mismunandi stigum, sem hvert fyrir sig er skýrt afmarkað. Hvert stig skal veita sérstök atvinnuréttindi, en reglur um það þarf að setja með breytingum á lögum um atvinnu við siglingar.

Í námstímanum, sem greinin kveður á um, er m. a. fólgin sá tími, sem fer í próf. Hér er um lágmarksnámstíma að ræða, sem heimilt er að lengja með reglugerðarákvæði, sbr. 20. gr. Námstíminn í vélskólanum hefur verið um það bil $7\frac{1}{2}$ mánuður í hverjum bekk, en nauðsynlegt er að lengja námstímann í I. og II. bekk vegna smíðanámsins.

Við 2. gr.

Hér er kveðið á um, að eitt námsstigið skuli taka við af öðru eins og eðlilegt er. Þó er heimilt að hlaupa yfir 1. námsstigið, ef nemandinn fullnægir annaðhvort skilyrðum b- eða c-liðar 5. tl. 8. gr.

Við 3. gr.

Mælt er svo fyrir um í greininni, að hver sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, eigi rétt á atvinnuheitinu vélstjóri. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri reglum hafa lokið prófi frá vélskólanum eða mótörfræðinámskeiðum Fiskifélagsins. Efni greinarinnar er hliðstætt niðurlagi k-liðar 2. gr. laga um atvinnu við siglingar frá 1946, en á betur heima í lögum um vélstjóranám.

Við 4. gr.

Námskeið þetta kemur í stað hins minna mótórfræðinámskeiðs Fiskifélagsins, en verður nokkru veigameira, þar sem það á að standa einum mánuði lengur. Gera verður ráð fyrir, að Vélskólinn í Reykjavík yfirtaki þá aðstöðu til námskeiðshalds, er Fiskifélagið hafði skapað sér úti á landi.

Við 5. gr.

Inntökuskilyrðin á námskeiðið eru hin sömu og gilt hafa fyrir hið minna mótórfræðinámskeið Fiskifélagsins að því undanskildu, að aldursmarkið er lækkað um eitt ár.

Við 6. gr.

Kennslugreinarnar eru hinar sömu og kenndar voru á hinu minna mótórfræðinámskeiði Fiskifélagsins. Þó er bætt við tilsögn í meðferð og umhirðu fiskileitar-tækja.

Við 7. gr.

Vélskólinn skal starfa í þrem bekkjum svo sem hann hefur gert í reynd undanfarna tvo áratugi, enda hefur ákvæðum laga nr. 71 frá 1936, um kennslu í vélfræði, er kveða svo á um, að skólinn skuli starfa í þrem deildum, þ. e. minni vélstjóradeild, meiri vélstjóradeild og rafmagnsfræðideild, lítt verið framfylgt. Í greininni er getið þess viðbótarhlutverks, sem skólanum er ætlað með frumvarpinu, þ. e. að annast um vélstjóranámskeið í Reykjavík og úti á landi.

Við 8. gr.

Inntökuskilyrðin samkvæmt grein þessari eru í verulegum atriðum breytt frá því, sem áður var, en það leiðir m. a. af þeim tilgangi frumvarpsins að rýmka inntökuskilyrðin. Fallið er frá því inntökuskilyrði, sem var skólanum mestur fjötur um fót að því er aðsókn varðaði, að nemandi hafi í fjögur ár eftir 16 ára aldur stundað iðnnám í einhverri grein járníðnaðar. Í staðinn þarf umsækjandi að uppfylla eitt af þremur skilyrðum 5. tl. Það er enn fremur nýmæli að setja lágmarksaldurinn 18 ár og krefjast þess, að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

Rétt er að vekja athygli á því, að sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. námskeiðsstiginu, fær ekki inngöngu í I. bekk vélskólans nema að uppfylla jafnframt skilyrði 1.—4. tl. Sama gildir að sjálfsgöðu um þá, sem ekki hafa vélstjóranám 1. stigs að baki, en komast inn í skólann samkvæmt ákvæðum b- eða c-liðar 5. tl.

Niðurlag greinarinnar um heimild fyrir vélskólann til að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi og að láta alla umsækjendur ganga undir inntökupróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, er nýmæli.

Við 9. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er þeim, sem lokið hafa hinu minna eða hinu meira mótórfræðinámskeiði Fiskifélagsins, gefinn kostur á að komast í vélskólann til þess að afla sér meiri þekkingar og meiri réttinda. Er þetta í samræmi við ákvæði 8. gr. um breyttar inntökureglur og rýmkun þeirra. Þessi heimild er nauðsynleg og sanngjörn m. a. fyrir þá sök, að mótórfræðinámskeið fiskifélagsins verða lögð niður samkvæmt frumvarpinu.

Við 10. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur farið með yfirstjórn Vélskólans í Reykjavík og er það óbreytt samkvæmt greininni. Skipun skólanefndar er aftur á móti nýmæli, sem ætti að geta orðið til þess að efla skólann og skapa nánari tengsl milli hans annars vegar og vélstjórastéttarinnar og vinnuveitenda vélstjóra hins vegar, en báðir þessir aðilar skulu eiga fulltrúa í skólanefndinni.

Við 11. gr.

Kennslugreinarnar, sem taldar eru upp í greininni, eru að mestu hinar sömu og nú eru kenndar í vélskólanum. Sérstaklega skal þó vakin athygli á því, að tekin er upp smíðakennsla í I. og II. bekk skólans. Er þetta nauðsynlegt til þess að veða upp á móti því, að samkvæmt reglum frumvarpsins geta menn komið inn í skólann með litla eða enga smíðakunnáttu. Greinin er fyrst og fremst rammi til leiðbeiningar, því heimilt er með reglugerðarákvæði að flytja námsgreinar milli bekkja og bæta við nýjum námsgreinum, sbr. 20. gr.

Við 12. og 13. gr.

Þess er að vænta, að margir nemendur í vélskólanum hætti námi ýmist eftir I. bekk eða II. bekk, enda er ætlunin sú, að hvert námsstig eða hver bekkur gefi tiltekin atvinnuréttindi. Atvinnuvegirnir hafa þörf fyrir menn með misjafnlega mikla vélstjóranenntun, og það nægir alveg að minni hluti þeirra ljúki 4. námsstigi, þ. e. III. bekk vélskólans. Er því eðlilegt að hafa heimild til að krefjast sérstakrar framhaldseinkunnar fyrir þá, sem ætla að halda áfram námi eftir I. eða II. bekk. Enn fremur er talið nauðsynlegt, að þeir, sem vilja setjast í III. bekk og ljúka þar með síðasta námsstiginu, hafi áður aflað sér nokkurrar starfsreynslu í meðferð véla.

Við 14. gr.

Þeir, sem ljúka 4. stigi vélstjóranáms, munu fyrst og fremst verða yfirvélstjórar á stærstu skipum flotans. Mjög mikilvægt er talið, að þessir menn hafi auk vélstjóranámsins sveinspróf í vélvirkjun. Er því eðlilegt að setja sveinsprófið sem skilyrði fyrir atvinnuréttindum út á 4. stig vélstjóranáms. Eftir nógildandi lögum þurfa menn yfirleitt sveinspróf í einhverri grein járníðnaðar, þegar þeir hefja nám við vélskólann. Því er talið sanngjarnt, að þeir, sem gert hafa námssamning fyrir gildistöku þessara laga með það í huga að læra síðar vélstjórn, verði eigi sviptir neinum möguleikum, þótt námssamningur þeirra hljóði upp á einhverja aðra grein járníðnaðarins en vélvirkjun.

Við 15. gr.

Sennilega myndi það heyra til undantekninga, þegar þetta nýja námskerfi verður komið til framkvæmda til fulls, að vélvirki byrji nám í vélskólanum. En eigi það sér stað, er sjálfsagt að hafa heimild til að veita honum undanþágu frá smíðanámi í I. og II. bekk vélskólans, enda á hann að búa yfir meiri kunnáttu í smíðum heldur en vélskólinn hefur ástæðu til að láta í té. Hins vegar myndu þeir nemendur, sem ljúka 4. stigi vélstjóranáms, þ. e. III. bekk, og þurfa að sveinsprófi í vélvirkjun að halda til þess að öðlast atvinnuréttindi, sbr. 14. gr., væntanlega í flestum tilfellum afla sér vélvirkjaréttindanna eftir að náminu við vélskólann lýkur.

Við 16. gr.

Ljóst er, að námið í vélskólanum er að sumu leyti sambærilegt við bóklegt nám vélvirkja í iðnskóla og verklegt nám hans í verkskóla eða hjá meistara. Er því réttmætt, að sá, sem lokið hefur prófi úr einhverjum bekk vélskólans, en vill síðar afla sér sveinsréttinda sem vélvirki, fái styttingu verklegs námstíma og nokkra undanþágu frá prófum og námi í iðnskóla út á námið í vélskólanum. Sérstaklega getur þetta orðið þýðingarmikið fyrir þá, sem ljúka 4. námsstigi og þurfa vegna atvinnuréttindanna að afla sér sveinsprófs í vélvirkjun.

Við 17. gr.

Heimildin til að taka I. bekk vélskólans á tveimur vetrum á kvöldnámskeiðum getur verið nauðsynleg til að auka aðsókn að vélskólanum, með því að gefa þeim kost á að mennta sig, sem þurfa að stunda vinnu á daginn. Þetta gæti t. d. komið sér mjög vel fyrir þá menn, sem þegar hafa lokið prófi frá hinu minna mótórfræðinámskeiði Fiskifélagsins, sbr. 9. gr.

Við 18. gr.

Kennsla í vélskólanum hefur venjulega byrjað 1. október, en nú er nauðsynlegt að byrja nokkru fyrr vegna lengingar skólatímans.

Við 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 20. gr.

Eðlilegt er, að ítarlegri reglur um kennslutilhögun, skólahald og námsefni en í frumvarpinu greinir verði settar með reglugerð, svo og reglur um próf og einkunnastiga. Í framtíðinni getur skapast þörf fyrir breytingar í þessum efnum, og væri þá of þunglamalegt að þurfa að koma þeim breytingum á með nýrri lagasetningu. Af þeim sökum er einnig heimilað að flytja námsgreinarnar milli bekkja, taka upp nýjar námsgreinar og lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

Við 21. gr.

Svipað ákvæði er í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 71 frá 1936, um kennslu í vélfræði. Að öðru leyti þarfnast greinin eigi skýringa.

Við 22. gr.

Rétt er að miða gildistíma laganna við upphaf kennsluársins í vélskólanum, sem byrjar næsta haust. Þeir, sem falla undir hið nýja námskerfi, verða að byrja á upphafinu, og þess vegna getur það eigi náð nema til I. bekkjar á næsta vetri, en þeir, sem þegar hafa lokið I. bekkjar námi, verða að ljúka skólanum eftir eldra kerfinu.